



## Nokkur leiðarljós sem hafa má í huga við frekari vinnu

Viðauki 1 við tillögur starfshóps að heildarsýn fyrir Kópavogsdal



One númer 2309454

Dagsett: 12. apríl 2024

## Efnisyfirlit

Nokkur almenn leiðarljós og ábendingar.....	2
Náttúran .....	2
Útivistar- og afþreyingarsvæði .....	3
Smárahvammsvöllur .....	3
Dalvegur 1.....	3
Íþróttasvæði .....	3

Við vinnu við gerð tillagna að heildarsýn fyrir Kópavogsdal, sem þessi skýrsla er Viðauki 1 við, var tillit tekið til Stefnu Kópavogsbæjar í tengdum málaflokkum; Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, Menningarstefna, Lýðheilsustefna og Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogs. Auk þess var samráð haft við bæði íbúa og hagsmunaaðila. Hér að neðan er að finna nokkrar hugmyndir og ábendingar sem komu upp í tengslum við vinnuna, bæði innan starfshópsins og frá þeim fjölmörgu aðilum sem komu að vinnunni í gegnum samráðið. Ljóst er að ekki er mögulegt að uppfylla ýtrustu óskir allra. Mikilvægt er við framhald vinnu að líta til framangreindrar stefnumörkunar Kópavogs, skipa ábyrgðaraðila fyrir einstaka framkvæmdaþætti og gera tímasetta framkvæmda- og fjárhagsáætlun er samrýmist þessari framtíðarsýn.

## Nokkur almenn leiðarljós og ábendingar

Kópavogsdalur er bæjarbúum afar hugleikinn og ljóst að fólki þykir vænt um dalinn. Hann gegnir lykilhlutverki þegar kemur að íþróttaiðkun í bænum, og fjölmargir leggja leið sína þangað daglega. Því er mikilvægt að huga vel að öllum breytingum sem verða í dalnum og að eftirfarandi leiðarljós verði höfð í forgrunni við alla áframhaldandi vinnu:

- Í íbúasamráði fengu tillögur um kaffihús og skautasvell í dalnum mest fylgi.
- Kanna mætti áhuga kirkjunnar og fjárfesta/rekstraraðila á fjölbreyttari nýtingu Digraneskirkju sem er vel staðsett. Þar væri t.d. hægt að reka kaffihús eða fjölmenningshús á neðri hæðinni, líkt og algengt er orðið á Norðurlöndunum.
- Huga þarf að byggingu aðlaðandi bílastæðahúss, e.t.v. í samvinnu við einkaaðila, sem hefði fjölþættari nýtingu en bara bílastæði, t.d. skautasvell á fyrstu eða efstu hæðinni, eða skrifstofur og sali af ýmsum stærðum á einni hæðinni. Þannig mætti halda í fjölda bílastæða en koma þeim fyrir á mun minna svæði en nú er og nýta húsið undir fleira en eingöngu bíla.
- Hundagerði fékk mikinn stuðning í tillögum íbúa. Kanna mætti möguleikann á að setja upp afgirt hundagerði í dalnum.
- Hjólabrettaskál eða aðstaða fyrir hjólaíþróttir hlaut mikið fylgi í íbúasamráðinu og mætti koma slíkri aðstöðu upp í dalnum, t.d. nærri ærslabelgnum.
- Hugmynd úr íbúasamráði um sólfislistaverk sem sett verði upp í réttum hlutföllum eftir endilöngum dalnum hlaut mikið fylgi í starfshópnum. Hugmyndina átti Kópavogsbúinn Sighvatur Jónsson.

## Náttúran

Kópavogsbúum og öðrum hagaðilum er umhugað um náttúru Kópavogsdalsins og mikilvægt að vernda hana eftir kostum.

- Setja þarf hreinsun Kópavogslækjar í forgang, sem og að endurreisa lífríki hans.
  - Skipaður verði starfshópur sérfræðinga um endurreisn Kópavogslækjar sem greinir vandann og gerir tímasetta aðgerðaráætlun með tillögum um úrbætur, sem ráðist verður í sem allra fyrst.
  - Koma þarf í veg fyrir að mengandi efni berist í lækinn.
  - Huga má að lausnum á borð við settjarnir, kanna gamlar tengingar, vinna með þekkt mengunarsvæði, setja fiskistiga í lækinn, o.s.frv.
- Manngerðu tjörninni vestast í dalnum við Hafnarfjarðarveg verði við haldið, hún hreinsuð og framburður fjarlægður.
- Gripið verði til aðgerða sem geta stuðlað að betra jafnvægi í fuglalífi við Kópavogstjörnina, m.a. með því að draga úr og takmarka fóðrun, t.d. með fræðslu.

## Útivistar- og afþreyingarsvæði

Kópavogsdalur er mikið notaður til útivistar og afþreyingarsvæði þar eru Kópavogsbúum mikilvæg, líkt og skýrt kom fram í íbúasamráði. Huga þarf vel að viðhaldi á afþreyingarsvæðum og aðgengi að dalnum.

### Smárahvammsvöllur

Smárahvammsvöllur hefur verið nefndur *hjartað í dalnum*, enda er hann eins konar miðpunktur dalsins þar sem hann er breiðastur.

- Hann þjóni sem hjarta Kópavogsdals.
- Til að byrja með nýtist hann áfram sem völlur fyrir Breiðablik.
- Samhliða því sem aðstaða Breiðabliks er endurskoðuð, verði hugað að fjölbreyttri notkun Smárahvammsvallar og næsta nágrenni hans með t.d. aðstöðu fyrir jaðaríþróttir, minni boltavelli og sem samkomusvæði fyrir bæjarhátíðar eða aðra viðburði, o.þ.h.
- Smárahvammsvöllur liggur í mýri og gæði vallarins því eftir því. Með bættri nýtingu á öðrum völlum Breiðabliks mætti huga að landmótun á Smárahvammsvelli sem stuðlar að bættri nýtingu svæðisins, bæði fyrir fótbolta og aðra útivist eða afþreyingu.
- Litla leiksvæðið sem liggur við hlið Smárahvammsvallar, milli vallarins og Dalsmára 13, verði uppfært og bætt. Svæðið er bæjarbúum hugleikið, eins og kemur iðulega fram í þátttökufjárlagaverkefninu Okkar Kópavogur.

### Dalvegur 1

Brotflutningur Sorpu af Dalvegi 1 skapar nýja möguleika og tækifæri til að bæta við gæði og fjölbreytni Kópavogsdals.

- Reiturinn þjóni sem anddyri inn í Kópavogsdal.
  - Sem dæmi um notkun svæðisins eru:
    - Veitingahús eða kaffihús
    - Sýningar
    - Jólamarkaður
    - Litlir vagnar sem selja veitingar
    - Skautasvell utandyra á veturna
- Hafa þarf í huga tillögur íbúa um kaffihús á Dalvegi og þann mikla stuðning sem slíkar tillögur fengu. Slíkt bygging væri sambærileg veitingastöðum í grasagörðunum í Laugardal og á Akureyri.
  - Hafa þarf í huga skýra afstöðu íbúa gegn fleiri byggingum í dalnum.

## Íþróttasvæði

Íþróttir eru þýðingamiklar fyrir vellíðan fjölmargra Kópavogsbúa og hafa auk þess forvarnargildi. Kópavogsdalur er fjölbreytt og afar eftirsótt íþróttasvæði sem tryggja þarf að geti eflst, dafnað og mætt vaxandi eftirspurn.

- Hefja endurskoðun á deiliskipulagi íþróttasvæðisins í samtali við Breiðablik, aðra hagsmunaaðila á svæðinu og íbúa bæjarfélagsins.
  - Fara mætti í hugmyndasöfnun eða -samkeppni meðal arkitekta eða annarra um skipulagið.
- Gæta þess að byggingarmagn sé ekki óhóflegt og rími við ásýnd dalsins.
- Fagurfræði og ásýnd dalsins sé höfð í huga við hönnun nýbygginga
- Skoða mætti ávinning af því að reisa byggingar umhverfis Kópavogsvöll að hluta sem gætu verið af margvíslegum toga, þar á meðal þjónustuhúsnæði í þeim tilgangi að afla tekna til að fjármagna stofnkostnað og rekstur innviða.

- Við greiningu á ávinningi, möguleikum og fjárhagslegum forsendum fyrir alþjóðlega viðurkenndum knattspyrnuvelli í Kópavogsdal, skv. stöðlum UEFA, verði hugað að fjölþættari fjármögnun en hingað til hefur tíðkast, þar sem einkaaðilar, lífeyrissjóðir eða aðrir aðilar komi að fjármögnun líkt og tíðkast víða um heim fyrir mannvirki af þessu tagi í dag.
- Skoða mætti aukna nýtingu á lóðunum við Dalsmára 9-13 þannig að svigrúm skapist fyrir endurnýjun og endurbygginu á núverandi húsnæði á lóðunum. Mikilvægt er að hafa í huga við endurnýjun þess húsnæðis að útlit taki mið af staðsetningunni í dalnum og náttúrulegu yfirbragði hans.